Alþingi
Erindi nr. Þ 141/311
komudagur 2.11.2012

Hafnarfirði, 30. okt. 2012.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála (endurupptökunefnd).

141. löggjafarþing 2012-2013. Þingskjal 12 - 12. mál.

Eins og ég hef áður bent á er mjög brýnt að hægt sé að vísa dómum í héraði, þar sem áfrýjun er hafnað, til endurupptökunefndar. T.d. í þeim tilvikum þar sem ekki er inni í málinu tilskilin lágmarkskröfufjárhæð, en þá er málum sjálfvirkt vísað frá Hæstarétti.

Varðandi endurupptökunefndina tel ég æskilegra að hún verði skipuð fimm fulltrúum, m.a. þegar horft er til þess að í einhverjum tilvikum standa 5 dómarar að dómum í Hæstarétti en langoftast 3.

Ég tel enga þörf á því að allir nefndarmenn séu löglærðir og fráleitt að Hæstiréttur og Dómstólaráð skipi fulltrúa í nefndina þegar horft er til þess að fyllsta hlutleysis sé gætt.

Í nefnd þessa þarf fyrst og fremst réttsýna og ráðvanda menn með gott brjóstvit og ótengda dóms- og réttarkerfinu.

Nefndarmenn hafi síðan fullt umboð til að leita álits hjá dómurum og lögfræðingum sem og öðrum mönnum, eftir því sem þeir telja þörf á.

Þetta fyrirkomulag væri þá í ætt við það sem þekkist erlendis við val á fólki í kviðdóm – þ.e algerlega hlutlaust fólk.

Til samræmis væri þá fellt út úr frumvarpinu það skilyrði að formaður nefndarinnar teldist hæfur til að gegna embætti hæstaréttardómara.

Ég vil benda á að til er fyrirbæri sem heitir Nefnd um dómarastörf. Í þeirri nefnd sitja þrír nefndarmenn, formaður hennar er fyrrv. hæstaréttardómari og aðrir nefndarmenn fyrrv. dómstjóri svo og lagaprófessor.

Reynsla mín af Nefnd um dómarastörf er með þeim hætti að ljóst er að hún stendur ekki undir nafni – þar sem hún telur hlutverk sitt að fjalla um "framferði dómara" – ekki störf dómara. Eða m.ö.o, nefnd í "skökkum líkama" og ætti þá til samræmis að heita "nefnd um framferði dómara".

Ef nefnd um dómarastörf á að standa undir nafni sem virkt tæki til eftirlits og aðhalds

dómurum, þá þarf að breyta lagaákvæðum sem að henni snúa til að svo megi verða og m.a. að kveða á um að hún verði skipuð hlutlausum og óháðum mönnum – annað er óásættanlegt.

Í 11. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að lögin taki gildi 1. jan. 2013 og að eldri reglur gildi um endurupptökubeiðnir sem berast Hæstarétti fyrir árslok 2012.

Hér þarf að gæta að því að ekki sé lokað fyrir að hægt sé að vísa dómum, t.d. síðustu 5 ára til nefndarinnar sem ekki hafa fengist endurupteknir í Hæstarétti þó svo að sterk rök standi til þess.

Hér skal nefnt dæmi sem undirstrikar mikilvægi þessa.

Fyrir Hæstarétti liggur nú beiðni um endurupptöku og ógildingu á dómi Benedikts Bogasonar 14. maí 2009, mál nr. E-364/2008, þáverandi dómara og dómstjóra við Héraðsdóm Vesturlands og dósents við Háskóla Íslands og náins samtarfsmanns Eiríks Tómassonar núverandi hæstaréttardómara, um langt árabil.

Eiríkur Tómasson er núverandi formaður dómnefndar sem fjalla á um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en athygli vekur að hann sá ekki ástæðu til að víkja sæti þegar Benedikt, náinn samstarfsmaður Eiríks um langt árabil, sótti um dómarastöðu í hæstarétti s.l. haust.

Hann skrifar svo uppá það að Benedikt Bogason sé hæfastur í umsögn 3. okt. 2011 þó svo að honum hafi verið kunnugt um kvörtun til nefndar um dómarastörf vegna dóms Benedikts frá 14. maí 2009, en þá var Eiríkur nefndarmaður í þeirri nefnd og þá talinn vanhæfur að fjalla um þá kvörtun vegna náinna starfstengsla við Benedikt.

Eíríkur Tómasson er jafnframt kynntur sem núverandi formaður réttarfarsnefndar og Benedikt Bogason kynntur sem starfsmaður réttarfarsnefndar og nú hefur þessi starfsmaður réttarfarsnefndar verið skipaður Hæstaréttardómari með uppáskrift Eiríks Tómassonar sem mat hann hæfastan umsækjenda um stöðu hæstaréttardómara.

Auk þess sitja í réttarfarsnefnd fyrrverandi hæstaréttardómari og dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Í greinargerð með því frumvarpi sem hér um ræðir kemur fram að: "Að við samningu frumvarpsins hafi fyrsti flutningsmaður notið aðstoðar réttarfarsnefndar og innanríkisráðuneytisins".

Ég hlýt því að spyrja: Eru núverandi hæstaréttardómari, starfsmaður réttarfarsnefndar (jafnframt hæstarréttardómari), einn fyrrv. hæstaréttardómari og einn dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, þá nánir aðstoðarmenn fyrsta flutningsmanns frumvarpsins við löngu tímabærar lagabreytingar sem eiga að auka réttaröryggi þegna þessa lands og taka af völd Hæstaréttar hvað varðar endurupptöku dóma?

Hvar er þá aðgreining dómsvaldsins, framkvæmdavaldsins og löggjafarvaldsins?

Er það boðlegt í nútíma réttarríki að dómarar í fullu starfi sitji í ótal nefndum og séu auk þess kynntir sem starfsmenn nefnda og aukinheldur nánir aðstoðarmenn alþingismanna við samningu lagafrumvarpa?

Ég vil benda alþingismönnum á grein eftir Vilhjálm Bjarnason sem birtist í MBL 14. júlí s.l., sem bar yfirskriftina "Eru alþingismenn skósveinar hæstaréttardómara".

Í umsögn dómnefndar um umsækjendur um embætti setts hæstaréttardómara dags. 3. okt. 2011 kemur fram að Benedikt hafi samið 17 lagafrumvörp einn og 11 lagafrumvörp með öðrum.

Hér þarf að upplýsa þjóðina um það hvaða lagafrumvörp – og lög - er þarna um að ræða og öll önnur lagafrumvörp sem aðrir starfandi dómarar hafa samið, einir eða með öðrum eins og t.d. með alþingismönnum.

Annað er ekki boðlegt í nútíma réttarríki.

Hér með fylgir lýsing í megindráttum á framgöngu
Benedikts Bogasonar í máli nr. E-364/2008.

Virðingarfyllst,

Kristleifur Indriðason.

Í máli nr. E-364/2008, sbr. dóm 14. maí 2009, tók Benedikt Bogason dómari og dómstjóri við Héraðsdóm Vesturlands að sér að dæma í málinu, þrátt fyrir að hafa áður tekið að sér að vera matsmaður í Matsnefnd eignarnámsbóta og metið bætur m.a.fyrir umferðarrétt eftir skilmerkilega skilgreindum vegi, en málið snerist um viðurkenningu á umferðarrétti.

Rétt er að benda á að á árunum 2004 til 2010 tók Benedikt Bogason, dómari og dómstjóri sæti í Matsnefnd eignarnámsbóta í yfir 20 tilvikum, en aðrir dómarar komu ekki nálægt þessari nefnd á þessum árum.

Formaður nefndarinnar er Helgi Jóhannesson hrl, kenndur við Lex lögmannsstofu.

Það, að Benedikt Bogason tók að sér að dæma í máli nr. E-364/2008, er ekki hægt að túlka öðruvísi en svo að um sé að ræða ótvírætt brot gegn c. lið 5gr. laga nr. 91/1991 sem og 6. gr. sömu laga.

Í c.lið 5.gr. segir svo: "Dómari er vanhæfur til að fara með mál ef – hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið".

Upphaf 6. gr. sömu laga hljóðar svo: "Dómari gætir að hæfi sínu....." Þ.e. frumskylda dómarans er að gæta að hæfi sínu – en aðili máls getur einnig gert athugasemdir við hæfi hans.

Þá vil ég einnig benda á 14. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þar segir:

"Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starf sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem honum er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein er hann vinnur við".

Leitað hafði verið til Karls Axelssonar með málið vegna ábendingar um að þar færi virtur lögmaður, en ósk mín um að gerð yrði skaðabótakrafa í málinu var slegin út af borðinu, án þess þó að hann upplýsti mig um það að fyrir vikið yrði áfrýjun málsins til Hæstaréttar útilokuð.

Ég hafði á þeim tímapunkti enga hugmynd um þetta, en Karl vissi – en þagði - og að sjálfsögðu þagði Benedikt Bogason líka.

Í málinu var framlögð lýsing á lóð og lóðarmörkum, dskj. 31, og hljóðar hún svo:

"Að austanverðu lá girðing einar þrjár húslóðir til norðurs frá húsinu og þvert yfir hólinn að norðan að mörkum Pósthúslóðarinnar og Votahvamms og svo áfram meðfram lóðarmörkum til suðurs og svo til vesturs niður að götu".

Í dómi Benedikts frá 14. maí 2009 vitnar hann í hina framlögðu lýsingu á lóðarmörkum, en í dómi hans hljóðar hún svo:

"Er þá til þess að líta að bein lína verður dregin sunnan við sundlaugina úr suðausturhorni pósthúslóðarinnar og þvert yfir hólinn að austurhlið lóðarinnar sem liggur samhliða Skúlagötu".

Hér er lóðarmörkum gjörbreytt – en hvers vegna og hvernig mátti það gerast?

Í dóminum á bls. 7 segir hann: "Að þessu virtu verður ekki talið að stefnendur hafi sannað að mörk lóðarinnar undir Aðalgötu 7 hafi legið svo langt til norðurs að sundlaugin hafi verið reist inn fyrir lóðarmörkin." en vitnar samt beint í hina réttu lýsingu á lóðarmörkunum í dómsskjali 31.

Rétt er að benda á að skv. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 má enginn breyta lóðarmörkum nema með samþykki bæjar- og sveitarstjórna.

Dómsskjal 31 var lagt í hendur Benedikts Bogasonar dómara og því hlýtur ábyrgðin á þessari breytingu að vera hans, en velta má því fyrir sér hvort Benedikt dómstjóri, Benedikt matsmaður eða Benedikt dósent hafi handfjatlað dómsskjalið, eða varð kannski til nýtt hlutverk – Benedikt lóðarmælingamaður?

Hér er rétt að benda á 162. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en þar segir í 1. mgr.:

"Hver, sem rangfærir sönnunargögn eða kemur fram með röng sönnunargögn í því skyni að hafa áhrif á úrslit dómsmáls, skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

Hér er áhugavert að glugga í umsögn dómnefndar um umsækjendur um embætti Hæstaréttardómara frá 3. okt. 2011, en þar segir m.a. á bls. 27 um Benedikt: "Hann sé afkastamikill og vinni hluti hratt, vel og hnitmiðað, þrátt fyrir að hann hafi mörg ólík verkefni í gangi á sama tíma. Hann gangi fumlaust og ákveðið að öllum verkum".

Og síðar á bls. 27: "Eini ókostur Benedikts, sem talinn var til, var sá að Benedikt geti verið óþolinmóður vegna ákafa hans að vinna öll mál hratt og örugglega og eyða ekki of miklum tíma í aukatriði".

Undir þessa umsögn skrifar m.a. formaður hennar Eiríkur Tómasson, náinn samtarfsmaður Benedikts um lángt árabil í Hákóla Íslands, en niðurstaða nefndarinnar var sú að Benedikt Bogason væri hæfastur umsækjenda.

Eiríki Tómassyni var hins vegar fullkunnugt um að kvartað hafði verið til nefndar um dómarastörf vegna framgöngu Benedikts í máli þessu, en á það er hvergi minnst í umsögn þessari, en hins vegar er þess getið að Bendikt hafi lagt fram nokkra af sínum dómum til skoðunar fyrir dómnefndina – en valið þá sjálfur.

Þolendum dóma Benedikts var ekki boðið að tjá sig um verk Benedikts fyrir dómnefndinni – aðeins var um að ræða skoðun á dómum sem hann valdi sjálfur.

Innanríkisráðherra var einnig kunnugt um að kvartað hefði verið yfir framgöngu Benedikts í máli þessu og bent á að Benedikt hefði ekki virt skýr lagaákvæði sem snúa að starfi dómara.

Það er því nokkuð ljóst að virkt eftirlit og aðhald með störfum dómara er ekki fyrir hendi í dag. Lagaramminn um dómara og dómstóla er þannig úr garði gerður að aðhald með þeirra störfum er í reynd ekkert, en svo blasir það við að dómarar sitja í hinum og þessum nefndum, semja lagafrumvörp, gerast aðstoðarmenn ráðherra og alþingismanna sem og starfsmenn nefnda en gegna á sama tíma fullu starfi sem dómarar.

Hér þarf Alþingi að bregðast skjótt við. Réttaröryggi þegna þessa lands er undir sem og virðing Alþingis og dómarastéttarinnar í heild.

Virðingarfyllst,

Kristleifur Indriðason.